

Hafnarfjarðarbær
b/t Sigurðar Haraldssonar,
sviðstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

1. október 2018
2018-05-86 / 11.2

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna færslu Hamraneslína 1&2.

Landsnet hf., kt. 580804-2410, Gylfahlöt 9, 112 Reykjavík, óskar með umsókn þessari eftir að fá útgefið framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar fyrir breytingum á legu Hamraneslína 1&2, 220 kV háspennulínu, með færslu þeirra á kafla við tengivirkni í Hamranesi, að uppfylltum skilyrðum skipulagslaga, nr. 123/2010.

Samkvæmt 2. gr. laga um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004, hefur fyrirtækið það hlutverk að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003. Landsnet hf. ber ábyrgð á rekstri og kerfisstjórnun raforkukerfisins á Íslandi, sbr. sérstaklega 8. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki og skal það byggja upp flutningskerfi raforku á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sbr. sérstaklega 9. gr. laganna.

Eins og kunnugt er þá er bygging Lyklafellslínu 1 forsenda fyrir niðurrifi á Hamraneslínunum 1&2. Landsnet hf. sótti í desember 2016 um framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu 1 til viðkomandi sveitarfélaga.

Framkvæmdaleyfin voru eftir útgáfu þeirra kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Úrskurðarnefndin felldi framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðar úr gildi þann 26. mars 2018. Úrskurðurinn leiðir til frestunar á framkvæmdum við Lyklafellslínu 1 og tengdum framkvæmdum, m.a. niðurrifi Hamraneslína, þar sem fyrirséð er að ráðast þarf í nýtt mat á umhverfisáhrifum fyrir Lyklafellslínu 1.

Tafir á niðurrifi Hamraneslína eru ekki í samræmi við uppbyggingaráform í Hafnarfirði, þar sem línurnar liggja við íbúabyggðina Skarðshlíð sem er í uppbyggingu og liggja inn í jaðar fyrirhugaðrar íbúabyggðar í Hamranesi, þar sem ráðgert er að ljúka við deiliskipulagsgerð nú á árinu og hefja lóðaúthlutanir í kjölfarið. Til að Hamraneslínur 1&2 hindri ekki frekari uppbyggingu Skarðshlíðarhverfis og Hamraness í Hafnarfirði hefur Landsnet hf., í samráði við Hafnarfjarðarbæ, ákveðið að færa hluta þeirra tímabundið fjær byggðinni. Þær verða svo teknar niður þegar Lyklafellslína 1 er tilbúin.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, sbr. og 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012, fyrir tilfærslu Hamraneslína 1&2, 220 kV háspennulína. Meðfylgjandi eru í tveimur eintökum gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknarinnar, sbr. sérstaklega 2. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi, nr. 772/2012. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, dags. 24. september 2018, sem er aðalþáttur gagnanna, er tekin saman af verkfræðistofunni EFLU f.h. Landsnets hf., sbr. fskj. 1 með umsókn þessari. Er vísað til hennar um frekari skýringar og lýsingar á framkvæmdinni og er greinargerðin hluti þessarar umsóknar Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi.

Landsnet hf. áformar að færa Hamraneslínur 1&2 fjær byggð á um 1,5 km kafla frá Skarðshlíð í Hafnarfirði og að Hamranestengivirkinu, sbr. meðfylgjandi líkanmyndir merktar A1 og A2, sbr. fskj. 2 með umsókn þessari.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. 13.02 tl. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, þar sem um er að ræða breytingu á framkvæmd sem er matskyld samkvæmt A-flokki viðauka 1 við lögin. Vorið 2018 sendi Landsnet hf. fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu og lauk því ferli með ákvörðun Skipulagsstofnunar, hinn 19. júlí 2018, þess efnis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðunin sætti ekki kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Meðfylgjandi umsókn þessari eru, sem fskj. 3, greingerð um tilkynningu á matsskyldu, dags. 23. maí 2018, og sem fskj. 4, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 19. júlí 2018.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 22. ágúst 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er varðar færslu á háspennulínunum við Hamranes (Hamraneslínur 1&2). Er framkvæmdaleyfisumsókn þessi í samræmi við auglýsta tillögu að breytingu á aðalskipulagi.


Er áætlað að breytingarferlinu ljúki seint á árinu 2018 og er þess óskað að framkvæmaleyfið verði gefið út við allra fyrsta tækifæri eftir staðfestingu breytingar á aðalskipulagi, að öðrum skilyrðum laga uppfylltum. Með vísan til þessa leyfir Landsnet hf. sér að óska eftir því að umsókn þessi verði tekin strax til meðferðar og úrvinnslu.

Framkvæmdin er ekki á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar og mun Landsnet hf. því sækja sérstaklega um leyfi Orkustofnunar fyrir færslu línunnar. Hafnarfjarðarbær er einn landeigandi á því svæði sem um ræðir og er litið svo á að hálfu Landsnets hf. í útgáfu framkvæmdaleyfis felist heimild til landnýtingar, eins og aðstæðum háttar um framkvæmd þessa.

Vísað er til meðfylgjandi greinargerðar og gagna sem henni fylgja. Ef óskað er frekari upplýsinga eða aðstoðar þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan í s. 563-9359 eða thorarinn@landsnet.is.

Virðingarfyllst,

f.h. Landsnets hf.



Þórarinn Bjarnason
verkefnisstjóri